

# STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1998

Nr. 158

312

18. mars 1998

## REGLUGERÐ

### um varnir gegn útbreiðslu á smitandi hitasótt í hrossum.

#### 1. gr.

Þar sem komið hefur upp áður óþekktur dýrasjúkdómur hér á landi („smitandi hitasótt í hrossum“) hefur verið ákveðið, að tillögu yfirdýralæknis, að skipta landinu upp í eftirtalin varnarsvæði:

- a. Svæði 1. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær og Árnessýsla.
- b. Svæði 2 Akranes.
- c. Svæði 3. Reykjanes, sunnan Hafnarfjarðar.
- d. Svæði 4 Kjalarnes- og Kjósarhreppar.
- e. Svæði 5. Borgarfjarðarsýsla, sunnan Skarðsheiðar.
- f. Svæði 6. Rangárvallasýsla, vestan Markarfljóts.
- g. Svæði 7. Aðrir kaupstaðir og landshlutar en taldir eru upp í staflíðum a-f.

#### 2. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um takmörkun á flutningi hrossa, reiðtygja og flutningatækja, sóttþreinsun fatnaðar, hestamót o.fl.:

1. Óheimilt er að flytja hross á milli eða í gegnum varnarsvæði samkv. 1. gr.
2. Óheimilt er að flytja notuð reiðtygi, þ.m.t. kamba, klórun, píska, ábreiður og dýnur á milli varnarsvæða.
3. Óheimilt er að fara með flutningatæki fyrir hross á milli varnarsvæða.
4. Hestamenn og aðrir sem umgangast hross skulu forðast samgang við hross af öðrum varnarsvæðum. Sé brýn þörf á slíkum samgangi skulu hestamenn klæðast hlífðarfatnaði og skóm sem ekki eru notaðir í hesthúsum eða við hestamennsku á öðrum svæðum eða hafa verið sóttþreinsaðir. Þeir skulu með öllum tiltækum ráðum hindra að óhreinindi úr umhverfi hrossa berist á önnur varnarsvæði t.d. með bílum.
5. Innan svæða er heimilt að flytja hross á milli hesthúsa og umgangur hirða, járnningamanna og tamningamanna milli hesthúsa er heimill. Þá er heimilt að stunda útreiðar, halda reiðnámskeið og hestamót innan hvers varnarsvæðis.

#### 3. gr.

Um heyflutninga milli varnarsvæða gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að nota til heyflutninga tæki sem notuð eru til flutninga á hrossum.
2. Eingöngu má nota heyflutningatæki sem auðvelt er að þrifa að utan sem innan.

3. Heyflutningatæki skulu háþrýstipvegin fyrir og eftir flutninga og hjól, hjólaskálar, flutningsrými og gólfrymi ökumanns úðað með sóttþreinsileginum „Virkon“, eða jafnvirku sóttþreinsiefni.
4. Bílstjórum er óheimilt að fara inn í hesthús, hlöður og hesthúsagerði og skulu gæta ítrasta hreinlætis við störf sín. Þeir skulu sóttþreinsa skófatnað og klæðast nýþvegnum hlífðarfatnaði.
5. Vélar sem notaðar eru til heyflutninga innan hesthúsahverfa má ekki flytja til annarra svæða nema að undangenginni sóttþreinsun.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um varnir gegn smitandi hitasótt í hrossum nr. 120 27. febrúar 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

Jón Höskuldsson.